



Nútímalegt vinnuumhverfi

Áherslur og viðmið í
húsnæðismálum stofnana

Áherslur og viðmið fjármála- og efnahagsráðuneytis um nútímalegt vinnuumhverfi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eigna- og framkvæmdamál ríkisins og húsnæðismál ríkisstofnana. Við frumathugun, þarfagreiningu, hönnun og öflun húsnæðis á vegum ríkisins skal fylgja stefnu íslenskra stjórnvalda, lögum og reglum á sviði húsnæðismála ásamt viðmiðum þessum.

Hið opinbera stendur frammi fyrir síbreytilegum áskorunum í starfsemi sinni. Aukið aðgengi að stafrænni þjónustu og notkun upplýsingatækni skapar tækifæri til að bæta opinbera þjónustu og auka sveigjanleika og skilvirkni í starfsemi ríkisins. Til þess að nýta þau tækifæri þarf að tryggja að til staðar sé starfsfólk með rétta þekkingu og hæfni, öflugt tækniumhverfi og sveigjanleg vinnuaðstaða sem aðlaga má að breytilegum verkefnum til lengri og skemmri tíma.

Síbreytilegar áskoranir kalla á breyttar áherslur í húsnæðisöflun ríkisins sem stuðla að markmiðum um betri þjónustu og auknum sveigjanleika og samlegð í starfsemi stofnana. Byggja þarf upp og þróa hagkvæmara húsnæði sem nýtt verður með sveigjanlegum hætti undir margar stofnanir. Með þessu má ná fram markvissari nýtingu á innviðum og rými sem nýtt eru undir starfsemi á vegum ríkisins, um leið og stuðlað er að aukinni samlegð í daglegri starfsemi, virkari þekkingarmiðlun og hagræðingu í rekstrarþáttum.

Með því að búa starfsmönnum samkeppnishæft og nútímalegt vinnuumhverfi, með sveigjanlegum starfsstöðvum, auknum samrekstri og betri nýtingu innviða, má hámarka þann ávinning sem hlýst af nýrri tækni og nýjum vinnuaðferðum.

Í samræmi við stefnumörkun ráðuneytisins, um að byggja upp samræmda, faglega og hagkvæma eignaumsýslu skulu Ríkiseignir koma fram sem miðlægur leigutaki ríkisins að atvinnu- og skrifstofuhúsnæði á almennum markaði. Ríkiseignir munu því annast endurleigu á húsnæði til ríkisstofnana með það að markmiði að tryggja yfirsýn ríkisins yfir það húsnæði sem það á og eru í leigu á hverjum tíma.

Einnig er lögð áhersla á það til framtíðar að Ríkiseignir veiti alhliða þjónustu í húsnæðismálum þannig að til boða standi t.a.m. fullbúið skrifstofuhúsnæði fyrir stofnanir með samræmdu tækniumhverfi til að ná fram sem mestum sveigjanleika í starfsemi.

Ljóst er að tækifæri eru til staðar til að bæta húsnæðisnýtingu ríkisins verulega, einkum þegar það kemur að eldra atvinnu- og skrifstofuhúsnæði, sem er í eigu ríkisins. Með því færa starfsemi hins opinbera yfir í nútímalegt leiguhúsnæði skapast jafnframt tækifæri til selja fasteignir í eigu ríkisins á dýru markaðssvæði sem ekki eru nýttar nægjanlega vel miðað við þær viðmiðunarreglur sem unnið er eftir.

Á undanförunum árum hefur nær eingöngu verið ráðist í að leigja atvinnu- og skrifstofuhúsnæði undir opinbera starfsemi í stað þess að ríkið kaup slíkar eignir. Áfram verður almennt miðað við að ríkið leigi ósérhæft húsnæði á almennum markaði fremur en kaupa eða byggja slíkar eignir nema einhver sérstök rök réttlæti aðra tilhögun.

Samhliða birtingu þessara áherslna gefur Framkvæmdasýsla ríkisins út leiðbeiningar sem útskýrir og útfærir þau viðmið sem fjallað er um hér neðan.

Nútímalegt vinnuumhverfi

- Einkennist af samþættingu húsnæðis, vinnuástöðu og tækni-umhverfis.
- Styður við áherslur um skilvirkari og betri þjónustu við almenning.
- Styður við bætt vinnubrögð með áherslu á samræmingu og aukna samvinnu þvert á stofnanir.
- Styður við fjölgun starfa óháð staðsetningu.
- Nýtir nýjustu tækni við vinnslu og miðlun þekkingar.
- Einkennist af stafrænum samskiptum við almenning, fyrirtæki og aðrar stofnanir.

Eftirfarandi meginmarkmið skulu höfð að leiðarljósi við húsnæðisöflun hins opinbera:

1. Hagkvæm og markviss húsnæðisnýting.
2. Nútímalegt vinnuumhverfi með áherslu á fjölbreytt og sveigjanleg rými.
3. Vönduð aðstaða en án íburðar.
4. Samnýting aðstöðu þvert á stofnanir.

Einnig skal huga sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

- Góðu innra skipulagi og skynsamlegum stærðum rýma..
- Aukinni teymisvinnu og samstarfi þvert á einingar.
- Fjölbreyttum rýmum sem styðja við ólík verkefni.
- Vellíðan fólks á vinnustað, mikilvægi dagsbirtu og góðri hljóðvist.
- Efnisnotkun, rekstrarkostnaði og vistferilskostnaði (e. life cycle cost).

Húsnæðisfyrirkomulag skal uppfylla ofangreind viðmið en jafnframt skal miða við að brúttóflatarmál hefðbundins skrifstofuhúsnæðis á hvert stöðugildi fari;

- annars vegar ekki yfir 18 m² þegar um nýbyggingu er að ræða og
- hins vegar ekki yfir 20 m² þegar um er að ræða endurgerð á eldra húsnæði.

Gera skal ráð fyrir að skrifstofustarfsemi hins opinbera fari að öllu leyti fram í fjölbreyttum og sveigjanlegum vinnurýmum. Í hönnun vinnuumhverfis skal taka mið af þeim verkefnum sem sinnt er innan hvers vinnustaðar og þeim athöfnum sem verkefni krefjast, t.a.m. með teymisrýmum, næðisrýmum, fundarherbergjum og öðrum stoðrýmum. Jafnframt skal sérstaklega gæta að aðgengi fyrir alla, er þar m.a. átt við aðkomu og fyrirkomulag innanhúss. Ekki er gert ráð fyrir einkaskrifstofum starfsfólks nema sérstakar aðstæður krefjist.

Ef umtalsverður hluti af vinnu starfsmanna tiltekinnar stofnunar fer fram utan hefðbundinnar starfstöðvar skal innra húsnæðisfyrirkomulag miðast við hugmyndafræði verkefnamiðaðs vinnuumhverfis um samnýtingu vinnustöðva. Hið sama skal gilda ef gert er ráð fyrir að starfsmenn stofnunar eigi val um eða þurfi að vinna að hluta til að heiman.

Þegar um er að ræða annars konar aðstöðu en hefðbundna skrifstofustarfsemi þarf að skilgreina og gera faglega grein fyrir þeim sértæku rýmum sem talin er þörf á fyrir tiltekna starfsemi hins opinbera.

Setja þarf fram skýran rökstuðning fyrir nauðsyn og stærð sértækra rýma. Gera skal greiningu á nýtingu slíkra rýma ásamt kostnaði á hvern nýttan tíma eftir því sem við á. Einnig þarf að leggja faglegt mat á hvort mögulegt sé að útvista einstökum hlutum sértækra rýma eða færa rök fyrir hagræði af því að þau séu hluti af almennu húsnæði tiltekinnar stofnunar. Skilgreina þarf staðsetningu rýma við útvistun og hvort tiltekin nálægðarþörf sé til staðar.

